

**Nd.**

**266. Nefndarálit**

**[142. mál]**

um frv. til l. um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátafлотanum.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar — stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar — vill samþ. frv. óbreytt, fulltrúar Framsóknarflokksins í nefndinni vilja ekki taka afstöðu til frv., en ég legg til, að frv. verði fellt.

Verkfall sjómanna á bátafлотanum hefur nú staðið um einn mánuð, en raunverulega hefur mestur hluti bátafлотans verið stöðvaður í 1½ mánuð á þessu ári.

Þessi stöðvun bátafлотans hefur orðið vegna þess, að ríkisstjórnin knúði fram fyrir áramót löggjöf, sem svipti grundvellingum undan þeim kjarasamningum á milli sjómanna og útvegsmanna, sem í gildi höfðu verið. Um það verður því ekki deilt, að ríkisstjórnin ber alla ábyrgð á þeirri stöðvun fiskibátafлотans, sem orðið hefur á þessu ári. Með löggjöf þeirri, sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir og sett var í desembermánuði og greip inn í kjarasamninga sjómanna, var ákveðið, að 27% af aflaverðmæti á þorskveiðum skyldu tekin af óskiptu og látin ganga til greiðslu á rekstrarkostnaði útgerðarinnar. Á sama hátt var ákveðið að taka 37% af aflaverðmæti á síldveiðum og afhenda það útgerðarmönnum, án þess að sjómenn fengju aflahlut úr því verðmæti. Öllum mátti vera ljóst, að ákvæði sem þessi hlutu að leiða til nýrra krafna af hálfu sjómanna um launakjör þeirra.

Í deilu þeirri um kjaramál sjómanna, sem nú hefur staðið í heilan mánuð, hefur greinilega komið fram, að kröfur þeirra hafa verið mjög eðlilegar miðað við aðstæður. Sjómenn hafa lagt aðaláhærzlu á að fá frítt fæði og sams konar lífeyris-sjóðsréttindi og togarasjómenn og farmenn hafa þegar fengið. Eftir mánaðarþóf hefur samkomulag tekizt um nokkrar bætur til handa hásetum varðandi þessar tvær aðal-kröfur. Ljóst er þó, að bætur háseta eru ekki miklar, þar sem þeir eiga ekki að

fá nema lítinn hluta af fæðiskostnaði greiddan og lífeyrisréttindin eiga ekki að fást að fullu fyrr en eftir 3 ár.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um að lögbinda miðlunartillögu sáttasemjara varðandi launakjör yfirmanna er sérkennilegt að því leyti, að með því er lagt til að lögbinda þá lausn á deilunni, sem útgerðarmenn hafa þegar samþykkt, en yfirmenn fellt.

Eftir því sem bezt er vitað, hefði verið hægt að ná samkomulagi við yfirmenn, ef fallizt hefði verið á að hækka fast kaup þeirra úr 624 kr. á mánuði í 1150 kr. Allt bendir því til þess, að yfirmenn hafi eins og hásetar teygt sig mjög langt til þess að ná samkomulagi í deilunni. Útgerðarmenn hafa hins vegar neitað öllum hækkunum og munu óspart hafa borið fyrir sig, að ríkisstjórnin hafi til þess ætlazt, að þeir samþykktu enga hækkun.

Ljóst er, að ríkisstjórnin, sem deilunni kom af stað með löggjöf sinni, hefur ekkert gert til þess að auðvelda lausn deilunnar, — hún hefur ekkert viljað leggja fram. Stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli var sú, að aflahlutur sjómanna skyldi verða skertur. Hún vildi koma því fram, að sjómenn og vinnandi fólk í landi tæki á sig án allra bóta skakkaföllin af stórauðinni dýrtíð.

Þegar ríkisstjórnin gat ekki komið þessum áformum sínum fram í samningum við yfirmenn, grípur hún til lögbindingar á svipaðan hátt og hún hefur gert hvað eftir annað í launadeilum.

Við Alþýðubandalagsmenn erum algerlega andvígir lögbindingarfrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Við teljum það áráð á frjálsan samningarétt. Í þessu tilfalli hefur ekki verið reynt til fulls að ná samkomulagi við samningaborð. Kröfur yfirmanna, eins og þær voru orðnar, voru mjög sanngjarnar og eðlilegar.

Við Alþýðubandalagsmenn vörum sterklega við því, að fjölmennir starfshópar skuli sviptir löghelguðum samningsrétti um kjör sín. Verkalýðshreyfingin hefur alltaf mótmælt slíkum afskiptum löggjafans af samningamálum. Ég legg því til, að frumv. verði fellt. Jafnframt tel ég, að setja ætti sérstaka sáttanefnd í deiluna og reyna á þann hátt að leysa á sem skemmstum tíma sjómannaverkfallið, sem ríkisstjórnin óneitanlega ber alla ábyrgð á.

Alþingi, 18. febr. 1969.

Lúðvík Jósefsson.